ÍÞRÓTTAPÓSTURINN

VIKA 23, 2024



Óhagstætt veður og eldgos hamla starfsemi AKÍS

Dómnefnd í Orkurallinu sem átti að fara fram um helgina hefur tilkynnt til Akstursíþróttasambands Íslands að keppni hefur verið aflýst vegna Eldgosins á Reykjanesinu.

Á sama tíma þurfti framkvæmdanefnd BJB Mótors kvartmílunnar að fresta keppni um einn sólarhring vegna óhagstæðrar veðurspár. Áhugafólk er hvatt til þess að fylgjast vel með á vef AKÍS

Nánar á vef AKÍS



Guðbjörg Vala og Magnús Gauti sigruðu á lokamóti BTÍ

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR og Magnús Gauti Úlfarsson, BH, sigruðu á lokamóti BTÍ. Leikið var í Íþróttahúsi Hagaskóla þann 15. maí.

Í kvennaflokki léku þær Aldís og Guðbjörg og vann Guðbjörg öruggan sigur 4-0. Þetta er fyrsta stóra mótið í efsta flokki sem hún vinnur.

Þær Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir, KR og Magnea Ólafs, BM, höfnuðu í 5.-6. sæti.

Í úrslitum í karlaflokki mættust Magnús Gauti og Ellert Kristján Georgsson, KR, og hafði Magnús sigur í oddalotu. Í hinum leiknum léku Norbert Bedo, KR og Pétur Gunnarsson, KR. Norbert vann 4-1.
Í úrslitum vann Magnús Gauti Norbert í oddalotu og tryggði sér sigur á mótinu.

Nánar á vef BTÍ



Veigar, Markús, Perla Sól og Eva keppa á German Boys & Girls

Fjórir íslenskir kylfingar eru á meðal keppenda á German Boys & Girls áhugamannamótinu sem fram fer á Hardenberg golfsvæðinu í Þýskalandi.

Mótið er á meðal sterkustu áhugamannamótum Evrópu fyrir kylfinga undir 18 ára aldri.

Perla Sól Sigurbrandsdóttir, Eva Kristinsdóttir, Veigar Heiðarsson og Markús Marelsson taka þátt á þessu móti.



Moli fer af stað um landið

Verkefnið "**Komdu í fótbolta með Mola**" hófst síðastliðinn mánudag, sjötta sumarið í röð. Siguróli Kristjánsson, betur þekktur sem Moli, er umsjónarmaður verkefnisins og mun hann ferðast um landið í sumar.

Markmiðið með verkefninu er að kynna fótbolta og veita krökkum sem búa á minni stöðum á landinu aðgengi að fótboltaæfingu í sinni heimabyggð því nokkuð algengt er að krakkar sæki fótboltaæfingar út fyrir sinn heimabæ á minni stöðum á landsbyggðinni.

Einnig vill KSÍ með verkefninu hvetja krakka til að hreyfa sig, borða hollan og næringarríkan mat, sofa nóg og minnka skjánotkun.



Grunnskólamót höfuðborga norðurlandanna 2024 í Reykjavík.

Grunnskólamót höfuðborga Norðurlandanna (GHN) fór fram í 74. skiptið dagana 27. – 31. maí. Mótið var sett síðastliðinn mánudag á Þróttaravelli þar sem Skólahljómsveit Kópavogs kom gestum og gangandi í gírinn. Reykjavík tók þátt í fyrsta sinn árið 2003, en keppt er í knattspyrnu drengja, handknattleik stúlkna og frjálsum íþróttum hjá bæði drengjum og stúlkum.

Keppendur eru valdir í úrtaki frá öllum félögum í Reykjavík. Þjálfarar á vegum ÍBR halda æfingar og velja þátttakendur sem fara á leikana.

Það er mikill heiður að vera valin til að fara fyrir hönd Reykjavíkurborgar til að taka þátt. GHN er mikil upplifun og góð reynsla fyrir unga íþróttafólkið okkar og mun án efa nýtast þeim í framtíðinni. Fjölmargir keppendur taka þátt í mótinu fyrir hönd Reykjavíkur en hér að neðan má keppendalistann í ár.

Nánar á vef ÍBR



Fimleikasambandið með hæfileikamótun stúlkna

Hæfileikamótun stúlkna í áhaldafimleikum er farin af stað og hafa nú þegar farið fram tvær æfingar í maí mánuði. Hópurinn saman stendur af 17 stelpum frá fimm félögum, Ármanni, Björk, Gerplu, Gróttu og Stjörnunni.

Fyrsta æfingin fór fram í Gerplu þar sem stelpurnar æfðu vel og fóru svo saman í sund. Einnig fengu foreldrar/forráðamenn kynningu frá þjálfurum í hæfileikamótun um verkefnið, þjálfarar eru Ingibjörg Þóra Þórarinsdóttir og Sif Pálsdóttir

Nánar á vef FSÍ



Frábær árangur í Annecy hjá utanvegahlaupurum

EM í utanvegahlaupum var haldið í Annecy, Frakklandi í dag. Brautin var 58 km. með 3500 m. hækkun. Til leiks voru skráðir 85 karlar frá 25 þjóðum og 61 kona frá 22 þjóðum. Íslenska liðið stóð sig frábærlega en kvennaliðið hafnaði í sjötta sæti í landsliðskeppninni og karlaliðið hafnaði í ellefta sæti í landsliðskeppninni. Þetta er einstaklega góður árangur.

Í einstaklingskeppni karla varð Þorbergur Ingi Jónsson (UFA) fyrsti Íslendingurinn í mark en í 23. sæti í heildina en hann hljóp á tímanum 5:32,40 klst.

Í einstaklingskeppni kvenna varð Andrea Kolbeinsdóttir (ÍR) í 6. sæti en hún hljóp á tímanum 6:10,54 klst.



Slysaskráningar hjá LH birtast nú á kortavefsjá sambandsins

Landsamband Hestamannafélaga vill minna hestafólk á hnappinn – Slysaskráning á heimasíðu LH. Þar er hægt að tilkynna slys en einnig væri gott ef hestamenn myndu skrá þá staði þar sem litlu hefði mátt muna að slys hefði getað orðið, eða augljós slysahætta er til staðar.

Með því að skrá þessar upplýsingar fæst yfirlit yfir það, hvar vankantar eru á öryggi hestamanna sem hægt er að bæta úr og laga svo fleiri lendi ekki í óhöppum.

Á **kortavefsjá LH** eru skráðar reiðleiðir um allt land alls um 12500km það er eru einnig hægt að leita upplýsinga um vegvísa, áningar, skála, fjárréttir og neyðarskýli

og nú einnig hvar slys hafa verið tilkynnt.

Kortavefsjá LH



Þjálfaramenntun í fjarnámi sumarönn 2024

Sumarfjarnám ÍSÍ hefst mánudaginn 10. júní nk. og verður í boði að taka 1. og 2. stig þjálfaramenntunar ÍSÍ. Fyrsta stigið tekur átta vikur en annað stigið tekur fimm vikur.

Námið er almennur hluti menntakerfisins og gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar. Sérgreinaþátt þjálfaramenntunarinnar sækja þjálfarar hjá viðkomandi sérsambandi ÍSÍ hverju sinni.

Nemendur velja rétt námskeið og ganga frá greiðslu námskeiðsgjaldsins í heimabanka. Þeir sem ekki hafa skráð sig áður í Abler þurfa að búa til nýjan aðgang undir „Nýr notandi“.

Námskeiðsgjald:

1. stig kr. 36.000.-

2. stig kr. 30.000.-

Þjálfarar sem koma frá Fyrirmyndarfélögum ÍSÍ fá kr. 5000.- í afslátt.

Allar nánari uppl. um fjarnámið og þjálfaramenntun ÍSÍ gefur Viðar Sigurjónsson í síma 514-4000 & 863-1399 og/eða á vidar@isi.is

Hlekkur á skráningarsíðu



Fimm C - Sálfræðileg færniþjálfun íþróttafólks

Komin er í loftið vefsíða um sálfræðilega færniþjálfun eftir hugmyndafræði 5C, en hugmyndafræðin er hugarfóstur ensks prófessors, Chris Harwood, sem er einn sá fremsti í heimi á sviði íþróttasálfræði. Vefsíðan er ætluð þjálfurum, kennurum, íþróttafólki og foreldrum sem vilja fræðast um hvers vegna er mikilvægt að þjálfa og kenna þætti er snúa að hugarfari.

Síðan er afrakstur Erasmus samstarfs ÍSÍ, UMFÍ, HR, Loughborough háskóla og Notthingham Trent háskóla ásamt KSÍ og FSÍ.

Hlekkur á íslenskan vef 5C

Forysta ehf

Bildshofda 14,
110 Reykjavík,
Iceland

Þú færð þennan póst vegna þess að þú hefur skráð þig á póstlistann okkar eða að þú ert flokkaður sem forráðamaður í íþróttahreyfingunni.

Afskrá mig

SENT BY mailerlite